


Eyjafjarðarsveit
Jónas Vigfússon
Syðra-Laugalandi
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. mars 2011
Tilvísun: UST20110200077/bs

Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar. 2005-2025. Efnistökusvæði. Umsögn

Vísað er til bréfs Eyjafjarðarsveitar dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Í umhverfisskýrslu vegna breytinga á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar er fjallað um nýja efnistökuastaði. Af þeim eru 23 við Eyjafjarðará, þrír efnistökuastaðir eru í malarhjöllum og tveir valkostir vegna grjótnámu í Hvammi.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfisskýrslu og breytingar á aðalskipulagi.

1. Í umræddri matsskýrslu er ekki fjallað um hversu ört nýtt efni berst í Eyjafjarðará í samræmi við greinargerð gildandi aðalskipulags en þar segir m.a.: "*Ákvarða þarf magn þess efnis sem hægt er að taka úr ánni og miða það við endurnýjun á hverjum tíma.*"

Án þessara upplýsinga telur Umhverfisstofnun ekki mögulegt að fullyrða eins og gert er í umhverfisskýrslu um að áhrif efnistöku á Eyjafjarðará séu óveruleg, tímabundin, svæðin "endurnýist" eða fyrirhuguð efnistaka teljist sjálfbær. Ekki er því hægt að leggja mat á hversu mikla efnistöku eða á hversu mörgum svæðið þolir.

2. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að skipta ánni upp í mismunandi svæði eins og gert er í umhverfisskýrslu. Líta verði á ána sem eina heild, þ.e. farveg árinna, lífríki og setflutning um farveginn. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á greinar eftir m.a. Mathias Kondolf og Ramon J Batalla um efnistöku í árfarvegum

3. Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að efnistaka úr og við Eyjafjarðará gæti orðið á aðra milljón rúmmetra á gildistíma aðalskipulags miðað við upplýsingar í umhverfisskýrslu ætti að meta umhverfisáhrif efnistökkunnar sem um eina framkvæmd væri að ræða þar sem líta ber á farveg árinna sem eitt svæði.

4. Svæði AA04 er í jaðri hverfisverndarsvæðis óshólma Eyjafjarðará. Hverfisvernd gerir ekki ráð fyrir efnistöku á svæðinu samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Hins vegar kemur fram í umhverfisskýrslu að gert sé ráð fyrir að hægt sé að sækja um undanþágur til efnistöku t.d. vegna vegagerðar eða annarra stærri framkvæmda, en mögulegt að veita undanþágur vegna stærri framkvæmda. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að leyfa efnistöku eða annað rask sem skerðir verndargildi svæðisins.


Umhverfisstofnun telur að hér séu hugmyndir um verndun settar í nýtt samhengi þar sem verndun nær einungis til minni framkvæmda, sem væntanlega hafa minni áhrif í för með sér.

5. Varðandi efnistöku úr sethjöllum vill Umhverfisstofnun benda á að í Eyjafirði eru víða fallegir malarhjallar sem hafa ótvírætt verndargildi bæði sem jarðfræðiminjar og sem falleg kennileiti. Huga ætti að verndun þessara fyrirbæra og þeim verði hlíft við öllu raski, þ.m.t. efnistöku.

Umhverfisstofnun hefur áður gefi umsagnir um fyrirhugaða grjótnámu í Hvammi. Stofnunin ítrekar fyrri umsagnir t.d. vegna fyrirspruna um matsskyldu.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun

